

Svar

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn frá Katrínu Jakobsdóttur um starfsemi erlendra fólksflutningafyrirtækja.

1. *Hversu margar erlendar fólksflutningabifreiðar voru skráðar til aksturs í atvinnuskyni hér á landi árin 2016 og það sem af er yfirstandandi ári og fyrir hve marga farþega var hver þeirra ætluð?*

Á árinu 2016 var ein erlend bifreið skráð undir rekstrarleyfi hér á landi. Á árinu 2017 hafa þrjár erlendar fólksflutningabifreiðar verið skráðar til aksturs í atvinnuskyni. Þær voru allar skráðar undir sama rekstarleyfið. Ekki eru til upplýsingar um hversu marga farþega þessar bifreiðar taka. Þegar erlend fólksflutningabifreið hefur verið skráð undir rekstrarleyfi íslensks leyfishafa hér á landi hefur eingöngu verið skylt að framvísa til Samgöngustofu staðfestingu á leyfisskoðun bifreiðarinnar. Upplýsingar um fjölda sæta í viðkomandi bifreið koma ekki þar fram og ekki hefur verið skylt að veita þær upplýsingar.

Með lögum um fólksflutninga og farmflutninga á landi, nr. 73/2001, og í reglugerð nr. 528/2002 um fólksflutninga var ekki gerð krafa um að rekstrarleyfishafar á Íslandi þyrftu að tilkynna Samgöngustofu um öll þau ökutæki sem notuð voru í rekstri þeirra. Rekstrarleyfishafi réði sjálfur hvort hann skráði ökutækin sem notuð voru í rekstrinum undir rekstarleyfið. Þetta breyttist með nýrri löggjöf sem sett var á þessu ári.

Með reglugerð um leyfi til að stunda farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 474/2017, sbr. lög um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, nr. 28/2017, sem tóku gildi 1. júní 2017, er gerð krafa um að rekstrarleyfishafar tilkynni til Samgöngustofu öll ökutæki sem notuð eru í rekstri hvers leyfishafa. Mun það leiða til þess að betri upplýsingar fást um fjölda þeirra erlendu ökutækja sem notuð eru í rekstri leyfishafa hér á landi.

Erlendar hópibifreiðar sem koma hingað til lands og notaðar eru til að flytja farþega tíma- bundið á grundvelli EES-samningsins eru ekki skráðar hér á landi. Þær fá hins vegar tímabundna akstursheimild hjá töllyfirvöldum við komuna til landsins. Skylt er að sýna fram á það við eftirlit að gefið hafi verið út bandalagsleyfi í heimaríki rekstrarleyfishafa, sbr. lög nr. 28/2017 og reglugerð nr. 474/2017.

2. *Telur ráðherra þörf á að breyta reglum og vinnulagi varðandi starfsemi erlendra fólksflutningabifreiða hér á landi og greiðslur opinberra gjalda vegna slíkrar starfsemi, t.d. þannig að gerð verði krafa um einhverja fyrirframgreiðslu slíkra gjalda áður en störf hefjast?*

Samkvæmt 4. tölul. 4. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 15/2017, fer fjármála- og efnahagsráðuneyti með þau mál sem þessi liður fyrirspurnarinnar er um.

3. *Hvaða aðilar hafa eftirlit með starfsemi erlendra fyrirtækja í fólksflutningum sem starfa hér á landi og í hverju er það einkum fólgið?*

Þeir sem hafa helst hlutverki að gegna við eftirlit með starfsemi erlendra fyrirtækja hér á landi eru ríkisskattstjóri, Vinnumálastofnun, töllyfirvöld og lögreglan. Vísað er á viðkomandi stofnanir um nánari tilhögun eftirlitsins.

4. *Hvaða úrræði eru til að beita innheimtu og viðurlögum hafi erlendur aðili í fólksflutningum ekki greitt opinber gjöld vegna starfsemi sinnar hér á landi og er farinn af landi brott?*

Samkvæmt 4. tölul. 4. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 15/2017, fer fjármála- og efnahagsráðuneyti með þau mál sem þessi liður fyrirspurnarinnar er um.